

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag vegna ofanflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði, Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 22. febrúar 2012 nýtt deiliskipulag vegna ofanflóða neðan Klifs á Patreksfirði. Breytingin nær til reits sem afmarkast að ofan af grunnskóla, kyndistöð og heilbrigðisstofnun. Gert er ráð fyrir að reisa 250 m langan þvergarð/varnargarð ofan byggðarinnar milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Þvergarðurinn verður 10-12 m hár og er heildarrúmmál hans um 42.000 m<sup>3</sup>. Samkvæmt aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem óbyggt.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Vesturbyggð, 10. maí 2012.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. maí 2012